

Nd.

47. Frumvarp til laga

[33. mál]

um breyting á lögum nr. 22/1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Fyrri málsgrein 14. gr. orðist svo:

Skattur samkvæmt 12. gr. laga þessara skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins, og má áfrýja úrskurði hans til fjármálaráðuneytisins. Um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að öðru leyti eftir því sem við á, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6/1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 30. júní 1950, og lagt fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar. Um ástæður vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að breyta ákvæðum 14. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. á þann veg, að skattálagning samkvæmt lögnum verði falin skattstjóranum í Reykjavík, en um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fari að öðru leyti, eftir því sem við á, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6/1935.

Af framangreindum ástæðum telur viðskiptamálaráðherra brýna nauðsyn bera til, að sett verði með bráðabirgðalögum ákvæði, er breyta 14. gr. fyrrgreindra laga á þann hátt, er að framan segir.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Fyrri málsgrein 14. gr. orðist svo:

Skattur samkvæmt 12. gr. laga þessara skal ákveðinn af skattstjóranum í Reykjavík, sem einnig úrskurðar kærur út af álagningu skattsins, og má áfrýja úrskurði hans til fjármálaráðuneytisins. Um innheimtu, lögtaksrétt, vangoldinn skatt og viðurlög fer að öðru leyti eftir því sem við á, eftir ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6/1935.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1950.

Sveinn Björnsson.

Björn Ólafsson.